



Fundargerð

Svæðisráð suðursvæðis - 73. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn í síma, 13. október 2019, kl. 17:30.

Fundinn sátu:

Björn Ingi Jónsson formaður, Guðrún Inga Bjarnadóttir fulltrúi útivistarfélagi, Hjördís Skírnisdóttir varamaður, Friðrik Jónas Friðriksson varamaður og Helga Árnadóttir þjóðgarðsvörður.

Fundargerð ritaði: Helga Árnadóttir, þjóðgarðsvörður.

Fjarverandi: Snævarr Guðmundsson og Sigurlaug Gissuradóttir

1. Rekstraráætlun 2020 - 1909023

Fyrir fundinum lágu uppfærðar tillögur þjóðgarðsvarðar að rekstraráætlun ársins 2020 fyrir suðursvæðið. Óverulegar breytingar voru gerðar frá áætlun sem kynnt var á 72. fundi. Rekstraráætlun fyrir suðursvæði er unnin í tengslum við rekstur annarra svæða og í samræmi við fjárhagsheimildir þjóðgarðsins.

Svæðisráð samþykkir framlagða áætlun. Rekstur suðursvæðis er umfangsmikill og ljóst er að vinna þarf áfram að fjármögnun fleiri stöðugilda, m.a. við Jökulsárlón og í stýringu svæðis. Eins er fyrir séð að aukin uppbygging innviða mun fela í sér aukinn rekstarkostnað sem þarf að gera ráð fyrir í rekstraráætlunum komandi ára.

2. Jökulsárlón-Umsókn um aðstöðu á bílaplani - 1910007

Erindi frá Blue Iceland ehf dagsett 7. október 2019. Ósk um heimild til að staðsetja aðstöðubíl á bílastæði við Jökulsárlón veturinn 2019 -2020.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand er í vinnslu, deiliskipulag fyrir Jökulsárlón hefur ekki verið endanlega samþykkt og innleiðing atvinnustefnu er í ferli. Í samræmi við afgreiðslur sambærilegra erinda á 72 .fundi er mælt með að veitt verði leyfi fyrir aðstöðubíl Blue Iceland ehf á bílastæði við Jökulsárlón veturinn 2019-2020.

3. Jökulsárlón - Aðstaða rekstraraðila yfir vetur - 1910014

Þjóðgarðinum hafa borist margar umsóknir um aðstöðu rekstraraðila á bílastæði við Jökulsárlón fyrir veturinn 2019-2020. Á sama tíma er fyrir séð að bílastæðið er nýtt sem upphafsstaður fjölmargra rekstraraðila í jöklagöngum og íshellaferðum.

Núverandi athafnasvæði við Jökulsárlón er takmarkað. Farið var yfir umfang og aðstöðu á Jökulsárlóni yfir veturinn á fundinum. Svæðisráð sér ekki fyrir að hægt sé veita leyfi fyrir fleiri aðstöðubíla eða kerrur á aðalbílastæði en nú þegar hefur verið mælt með. Svæðisráð telur einnig nauðsynlegt að skoða hvort rekstraraðilar sem nýta Jökulsárlón sem upphafsstað ferða greiði þjónustugjald líkt og rekstraraðilar sem hafa leyfi til að staðsetja aðstöðubíla/kerrur við Jökulsárlón.

Fundi slitið kl. 18:00.